

# Þróunarsjóður innflytjendamála 2014

**Heiti verkefnis:** Ísjakarnir

**Nafn styrkþega:** Hafnarfjarðarbær

**Útdráttur:**

Verkefnið var unnið í samvinnu við Vinnuskóla Hafnarfjarðar. Hópur ungmenna á aldrinum 14-16 ára á vegum Vinnuskóla Hafnarfjarðar vann að því að taka saman upplýsingar um það tómstundar og íþróttastarf sem í boði er í Hafnarfirði. Unnið var með þær upplýsingar og stuttmyndir gerðar til að nota til kynningar á því starfi sem í boði er. Um 4 flokka er um að ræða:

1. Frístundastarf
2. Íþróttir og afþreying
3. Listir og menning
4. Útivistarsvæði

Stuttmyndirnar verða síðan notaðar sem kynningarefni fyrir íbúa Hafnarfjarðar sem eru af erlendum uppruna. Auk stuttmyndanna er skjal þar sem hver staður/hvert félag verður útlistað nánar.

Hafnafjörður mun svo nýta sér þetta fyrir alla sem vilja kynna sér hvað er í boði fyrir börn og ungmenni í Hafnarfirði. Áhersla var lögð á erlenda íbúa svo þau geta nýtt sér þetta til að kynnast bænum betur og hvað hann hefur uppá að bjóða. Myndböndinn og skjalið með ítarlegum upplýsingum verða aðgengileg á heimasíðu bæjarins. Öllum verður heimilað að setja myndböndin á sínar síður til frekari kynningar.